**Sþ.** **68. Fyrirspurn** [68. mál]

til menntamálaráðherra um lögmæti skólamálaráðs Reykjavíkur.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Ingvari Gíslasyni
og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Telur ráðherra að stofnun skólamálaráðs Reykjavíkur samrýmist 12. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974?
2. Telji ráðherra svo vera, hver er þá verkefnaskipting milli fræðsluráðs og skólamálaráðs?
3. Hefur staða fræðslustjórans í Reykjavík breyst við þessa nýskipan fræðslumála í borginni?
4. Telur ráðherra að fræðslustjórinn í Reykjavík, sem er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, eigi að hafa rétt til setu á fundum skólamálaráðs?
5. Telur ráðherra að nauðsyn hafi knúið á um stofnun skólamálaráðs; sé svo: hver var hún?